


Snjóflóð á Íslandi veturinn 2024–2025

Hulda Rós Helgadóttir
Sigurdís Björg Jónasdóttir
Stephanie Alice Matti



Snjóflóð á Íslandi veturinn 2024 – 2025

Höfundar	Hulda Rós Helgadóttir, Sigurdís Björg Jónasdóttir, Stephanie Alice Matti
Verkefnisstjóri	Óliver Hilmarsson
Yfirfarið af	Óliver Hilmarsson
Samþykkt af	Matthew J. Roberts

Veðurstofa Íslands / Icelandic Meteorological Office

Númer	VÍ 2025-011
ISSN	1670-8261
Dagsetning	Desember 2025
Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	67
Upplag	Rafræn útgáfa
Verknúmer	4551-0-0001
Málsnúmer	2025-0286
DOI númer	10.33112/PIOA8744

Samantekt

Veturinn 2024–2025 var almennt snjóléttur um mestallt land og nokkuð var um umhleyppingar og krapaflóð. Alls voru 389 snjóflóð skráð þennan veturinn. Fimm sinnum var lýst yfir óvissustigi og sex sinnum gripið til rýminga. Yfir veturinn lokuðu 62 snjóflóð vegum og 11 snjóflóð féllu af mannavöldum. Flest þeirra voru lítil en eitt stórt flóð féll vegna skíðamanns, hann slasaðist í flóðinu.

Haustið var tíðindalítið en þó snjóaði snemma til fjalla á Norðurlandi og voru fyrstu snjóflóð vetrarins skráð á Tröllaskaga í september. Í nóvember var mikil skriðuhrina á Vestfjörðum og snjóaði talsvert á Austfjörðum í lok mánaðarins með samgöngutruflunum. Krapaflóð og skriður féllu á vestanverðu landinu snemma í desember og yfir jólahátíðina var ofankoma og umhleyppingar á Vestfjörðum sem ollu samgöngutruflunum. Fyrripart janúar var tíðindalítið en um miðjan mánuðinn olli hláka krapaflóðahrinu á vestanverðu landinu. Á Austfjörðum varð snjóflóðahrina í kringum 20. janúar í kjölfar talsverðrar ofankomu í NA-átt og var gripið til rýminga í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Að kvöldi 31. janúar hlánaði með S-átt og rigningu og féllu krapaflóð og snjóflóð víða á vestanverðu landinu. Nokkur hús voru rýmd á Patreksfirði í þessu veðri vegna krapaflóðahættu. Krapaflóð féllu á Vestfjörðum og Austfjörðum í byrjun febrúar en annars var frekar tíðindalítið í þeim mánuði. Mars var nokkuð hlýr og snjóléttur. Fjölmörg snjóflóð féllu á Norðurlandi í byrjun apríl og fjögur flóð féllu af mannavöldum í mánuðinum. Tíðindalítið var í maí en snemma í júní féllu mörg snjóflóð á Tröllaskaga í norðanhreti.

Efnisyfirlit

Samantekt	3	
Myndaskrá	5	
Töfluskrá	6	
1	Inngangur	7
2	Ársyfirlit ofanflóðavaktar	8
2.1	September	8
2.2	Október	8
2.3	Nóvember	9
2.4	Desember	10
2.5	Janúar	11
2.6	Febrúar	13
2.7	Mars	13
2.8	Apríl	14
2.9	Maí	15
2.10	Júní	15
2.11	Júlí og ágúst	16
3	Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu	17
3.1	Skráning snjóflóða	17
3.2	Snjóflóðahrinur vetrarins	17
3.3	Óvissustig og rýmingar vetrarins	20
3.4	Snjóflóð á vegi	20
3.5	Snjóflóð af mannavöldum	22
3.6	Snjódýptarmælingar	23
4	Helstu snjóflóð vetrarins	26
4.1	Miðstrandargil, Neskaupstaður	26
4.2	Ólafsvíkurenni, Snæfellsnes	29
4.3	Bláfjöll, Suðvesturhornið	31
4.4	Innri-Einarsstaðaá, Stöðvarfjörður	33
Heimildir	36	
Viðauki I. Snjódýptarmælingar	37	
Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða	39	
Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2024–2025	40	

Myndaskrá

Mynd 1: Víða snjóaði til fjalla á Tröllaskaga í september og féllu nokkur snjóflóð.....	8
Mynd 2: Lausasnjóflóð sem féll úr Sauðahryggsgili í Hnífsdal 27. október.....	9
Mynd 3: Skriðan á Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals sem féll í skriðuhrinu 12. nóvember. Skriðan var fremur efnismikil og púlсаði í tvo sólarhringa svo erfitt var að halda veginum um Eyrarhlíð opnum.	10
Mynd 4: Snjóflóð féll yfir veginn vestan Bíldudals við Hvestudal. Ljósmyndari: óþekktur.	11
Mynd 5: Nokkur snjóflóð féllu í Pétursey þann 25. janúar. Snjóflóð eru sjaldgæf í Pétursey og fáar frásagnir eru til um slíka atburði. Ljósmynd: Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.	12
Mynd 6: Fjölmörg þunn snjóflóð féllu í Seldal inn af Norðfirði í ýmsum viðhorfum þegar sól tók að skína á nýsnævið þann 22. febrúar.	13
Mynd 7: Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Siglufirði í lok apríl en slapp ómeiddur. Ljósmynd: InfoEx	14
Mynd 8: Spákort frá 15. maí kl 16 sem sýnir óvenju háar hitatölur miðað við árstíma....	15
Mynd 9: Vott lausaflóð sem rann af stað á yfirborði jarðar.	16
Mynd 10: Skífurit sem sýnir orsök snjóflóða af mannavöldum.	22
Mynd 11. Snjódýpt á sjálfvirkum snjódýptarmælum á norðanverðum Vestfjörðum 2024–2025.	24
Mynd 12. Snjódýpt á sjálfvirkum snjódýptarmælum á Norðurlandi 2024–2025.	25
Mynd 13. Snjódýpt á sjálfvirkum snjódýptarmælum á Austfjörðum 2024–2025.....	25
Mynd 14: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Miðstrandagili ásamt helstu kennistærðum flóðsins.....	27
Mynd 15: Snjóflóðið í Miðstrandagili innan við Neskaupstað var vott og var margra metra þykkt í hæstu hrönnunum. Ljósmynd úr dróna Björgunarsveitarinnar Gerpis.....	27
Mynd 16: Snjóflóðið í Miðstrandagili innan við Neskaupstað séð frá lofti. Ljósmynd úr dróna Björgunarsveitarinnar Gerpis.....	28
Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Miðstrandarskarði. Uppsöfnuð úrkoma, lofthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.....	29
Mynd 18: Snjóflóðið í Ólafsvíkurenni þegar unnið var að mokstri í gegnum flóðatunguna. Ljósmynd: mbl.is/Alfons	29
Mynd 19: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Ólafsvíkurenni ásamt helstu kennistærðum flóðsins.....	30
Mynd 20: Snjóflóðið í Ólafsvíkurenni þegar unnið var að mokstri. Hér sést hvernig flóðatungan nær upp á veg og yfir hann í átt að sjó.	30
Mynd 21. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Ólafsvíkurenni. Uppsöfnuð úrkoma, lofthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.....	31

Mynd 22: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Bláfjöllum ofan við skíðalyftur, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.	32
Mynd 23: Snjóflóðið í Bláfjöllum féll ofan við skíðalyfturnar og var þunnt en breitt.	32
Mynd 24: Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Bláfjöllum. Uppsöfnuð úrkoma, lofthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.	33
Mynd 25: Kort sem sýnir útlínu krapaflóðsins í Innri-Einarsstaðaá í Stöðvarfirði, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.	34
Mynd 26: Innri-Einarsstaðaá í Stöðvarfirði, dökkur krapí slettist upp á bakka árinna og markar útbreiðslu krapaflóðsins. Ljósmynd: Bjarni Stefán Vilhjálmsson	34
Mynd 27: Veðuraðdragandi krapaflóðsins á Stöðvarfirði. Uppsöfnuð úrkoma, lofthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.	35

Töfluskrá

Tafla 1: Fjöldi ofanflóðaskráninga eftir tegund frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.	17
Tafla 2: Óvissustig veturinn 2024–2025.	20
Tafla 3: Rýmingar veturinn 2024–2025.	20
Tafla 4: Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.	21
Tafla 5: Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2024–2025 og helstu kennistærðir flóðanna.	23

1 Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2024 til og með 31. ágúst 2025. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar en ljóst er að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum. Í annálnum er ársyfirlit með tíðarfari hvers mánaðar, samantekt á helstu snjóflóðum og skriðuföllum og öðru er viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er ýtarlegri samantekt yfir snjóflóð vetrarins, snjóflóðaskráningar og snjóþýptarmælingar. Að lokum eru nokkur snjóflóð tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í Viðauka III er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekinn fyrir frá september 2024 út ágúst 2025.

2.1 September

September var óvenjukaldur á landinu öllu og þurrari en í meðalári víðast hvar. Á nokkrum stöðvum mældist lægsti meðal- og/eða lágmarkshiti sem mælst hefur í september. Að tiltölu var kaldast inn til landsins norðanlands. Á Austurlandi var hvassara en í meðalári en lygnara á vesturhelmingi landsins.

Fremur tíðindalítið var í september bæði hvað varðar skirður og snjóflóð. Frekar lítill snjór var til fjalla og víða autt en talsvert snjóaði á Tröllaskaga um 10. september og féllu þá nokkur flekaflóð í Svarfaðardal, Skíðadal og Héðinsfirði. Flest flóðanna voru lítil flekaflóð en einnig skriðflóð, þar sem rennslisflöturinn er jörðin sjálf.



Mynd 1: Víða snjóaði til fjalla á Tröllaskaga í september og féllu nokkur snjóflóð.

2.2 Október

Október var kaldur um allt land. Það var kaldast á norðurhluta landsins en hlýrra sunnanlands. Tíð var þó nokkuð hagstæð, það var óvenjulega hægviðrasamt og úrkoma var undir meðallagi víðast hvar.

Í byrjun mánaðar var frekar snjólétt víðast hvar en lítilllega bætti á snjó á Vestfjörðum seinni hluta mánaðarins og þá féllu lítil flóð í Bolungarvík og ofan flugvallar á Ísafirði. Það bætti svo meira á snjó á Vestfjörðum og Norðurlandi síðustu daga mánaðarins og féllu þá lítil snjóflóð í Hnífsdal og í Seljalandshlíð og Eyrarhlíð ofan við Ísafjörð.



Mynd 2: Lausasnjóflóð sem féll úr Sauðahryggsgili í Hnífsdal 27. október.

2.3 Nóvember

Tíðarfar í nóvember var tvískipt. Óvenjuleg hlýindi voru á öllu landinu fyrri hluta mánaðarins og á mörgum veðurstöðvum hefur meðalhiti þessara fyrstu 14 nóvemberdaga aldrei mælst eins hár. Mjög hlýjar og nokkuð hvassar sunnanáttir voru ríkjandi þessa daga, með vætutíð sunnan- og vestanlands, en þurru og hlýju veðri á Norður- og Austurlandi. Um miðjan mánuðinn snerist í norðanáttir með kólnandi veðri og var hiti vel undir meðallagi út mánuðinn. Þá var þurrt á sunnan- og vestanverðu landinu, en úrkomusamt og töluverð snjóþyngsli á Norður- og Austurlandi.

Talsverð úrkoma og skriðuföll fylgdu hlýindunum fyrri hluta mánaðarins. Mikil skriðuhrina var á Vestfjörðum 11. og 12. nóvember og voru rúmlega 30 skriður og grjóthrun skráð. Stærsta skriðan sem féll í hrinunni var á Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals þann 12. nóvember. Skriðan var mjög efnismikil og púlsar af efni bárust niður með henni í nokkurn tíma. Eftir miðjan mánuð fór að kólna og snjóa víða á landinu, sérstaklega norðanlands. Eitt flóð féll af mannavöldum í mánuðinum; þann 25. nóvember féll snjóflóð undan göngumanni í Grjótárdal í Reyðarfirði. Maðurinn barst nokkra tugi metra niður með flóðinu en grófst ekki. Talsvert snjóaði í fremur hvössum norðaustanáttum undir lok mánaðar og féllu þá nokkur snjóflóð á Austfjörðum. Nokkur snjóflóð voru skráð í Grænafelli í Fagradal í þessu veðri og náði a.m.k. eitt þeirra niður á veg. Einnig féll snjóflóð á veg í Vattarnesskriðum.



Mynd 3: Skriðan á Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals sem féll í skriðuhrinu 12. nóvember. Skriðan var fremur efnismikil og púlsaði í tvo sólarhringa svo erfitt var að halda veginum um Eyrarhlíð opnum.

2.4 Desember

Desember var nokkuð kaldur um allt land. Að tiltölu var kaldast á Vestfjörðum, annesjum norðanlands og við suðausturströnd landsins. Hlýrra var inn til landsins. Úrkoma var um eða yfir meðallagi á sunnan- og vestanverðu landinu, en það var þurrara á Norður- og Austurlandi. Það var hvasst og umhleypingasamt veður yfir jólahátíðina og töluvert var um samgöngutruflanir.

Desembermánuður var almennt snjóléttur miðað við árstíma, sérstaklega á Norðurlandi. Á Austfjörðum féllu allnokkur snjóflóð í hríðarveðri 1. og 2. desember, m.a. á veg í Grænafeili. Krapaflóða- og skriðuviðvörðun var gefin út 7. desember vegna úrkomu á Vestfjörðum, Vesturlandi og Suðurlandi. Nokkrar skriður og grjóthrun voru skráð í þessu veðri, sérstaklega á vestanverðu landinu og nokkur lítil snjóflóð. Fremur tíðindalítið var fram í lok mánaðar. Yfir jólahátíðina var allhvöss SV-átt á Vestfjörðum með ofankomu og umhleypingum sem olli snjóflóðahrinu. Fjölmörg snjóflóð féllu víða á Vestfjörðum, bæði sunnan- og norðanverðum. Flóðin voru bæði þurr og vot, flest voru lítil en stærstu flóðin um 3 að stærð. Fjölmörg snjóflóð féllu á vegi á Vestfjörðum í þessu veðri. Tvö snjóflóð féllu af

mannavöldum í mánuðinum; göngumaður setti af stað lítið flóð í Skarðsheiði í byrjun mánaðar og skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í Svarfaðardal þann 22. desember.




Mynd 4: Snjóflóð féll yfir veginn vestan Bíldudals við Hvestudal. Ljósmyndari: óþekktur.

2.5 Janúar

Janúar var tiltölulega kaldur, sérstaklega á Norðausturlandi. Mánuðurinn var hægviðrasamur miðað við árstíma. Hlýindi og miklar rigningar um miðjan mánuð ollu miklum leysingum og flæddu ár og lækir víða yfir vegi og tún. Töluverð snjóþyngsli voru á Austurlandi í mánuðinum. Þar snjóaði óvenjumikið þann 20. janúar og mældist snjódýptin á Austfjörðum með því mesta sem vitað er um í janúarmánuði. Síðasta dag mánaðarins skall stormur á landinu sem olli bæði fok- og vatnstjóni, auk ofanflóða og mikilla samgöngutruflana.

Janúar var mánuður flestra snjóflóðaskráninga en alls voru 135 skráningar um snjóflóð og krapaflóð. Fremur tíðindalítið var fyrripart mánaðar en þó féllu þurr snjóflóð hér og þar um landið, flest lítil. Hlaka um miðjan mánuðinn olli krapaflóðahrinu ásamt nokkrum skriðuföllum og grjóthruni á vestanverðu landinu. Ofanflóðin voru að mestu bundin við norðanverðan Breiðarfjörð. Ár ruddu víða fram krapa og flæddu margar ár og lækir yfir bakka sína. Dagana 18. til 21. janúar stóð yfir snjóflóðahrina á Austfjörðum í talsverðri ofankomu í NA-átt. Óvissustigi var lýst yfir og gripið til rýminga í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Stór snjóflóð féllu m.a. í Norðfirði, Mjóafirði og Seyðisfirði og nokkur snjóflóð

féllu á vegi. Nokkur snjóflóð féllu í Pétursey í Mýrdal þann 25. janúar. Undir lok janúar féllu snjóflóð víða um land, m.a. á Vestfjörðum, Austfjörðum og SV-landi. Mörg flóð féllu yfir vegi á Vestfjörðum. Að kvöldi 31. janúar kom lægð að landinu með S-átt, rigningu og hlýindum. Það hlánaði fyrst á vestanverðu landinu og féllu snjóflóð og krapaflóð víða á Vestfjörðum. Stórt snjóflóð féll yfir veginn undir Ólafsvíkurenni. Óvissustigi vegna ofanflóðahættu var lýst yfir á Vesturlandi, sunnanverðum Vestfjörðum og Austfjörðum þann 31. janúar og gripið var til rýminga á Patreksfirði vegna krapaflóðahættu. Þrjú snjóflóð féllu af mannavöldum í mánuðinum; göngumaður setti af stað lítið flóð í Esjunni og vélsleði setti af stað lítið flóð í Ufsadal snemma í mánuðinum. Undir lok mánaðar setti skíðamaður af stað lítið snjóflóð í Hlíðarfjalli.



Mynd 5: Nokkur snjóflóð féllu í Pétursey þann 25. janúar. Snjóflóð eru sjaldgæf í Pétursey og fáar frásagnir eru til um slíka atburði. Ljósmynd: Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

2.6 Febrúar

Febrúar var óvenjulega hlýr, úrkomusamur en snjóléttur. Alhvítir dagar hafa ekki verið eins fáir í febrúar á Akureyri frá því 2006. Suðlægar áttir voru ríkjandi í mánuðinum og töluvert var um illviðri, sérstaklega í byrjun mánaðar. Verst var veðrið dagana 5. og 6. febrúar þegar mikið sunnan hvassviðri gekk yfir landið. Veðrið bættist í hóp verstu óveðra síðustu ára. Samgöngur lágu niðri og veðrið olli töluverðu tjóni víða um land.

Í byrjun mánaðar stóð krapaflóðahrina enn yfir á Vestfjörðum en einnig hófst krapaflóðahrina á Austfjörðum þegar SA-átt gekk yfir með hlýindum og rigningu. Krapaflóð og vot snjóflóð féllu víða á sunnanverðum Austfjörðum ásamt aurskriðum. Mörg krapaflóðanna féllu á vegi, sérstaklega í Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði. Nokkur snjóflóð sáust í Bolungarvík þegar mikið óveður gekk yfir landið þann 5. og 6. febrúar. Nokkuð rólegt var það sem eftir var mánaðar með nokkrum snjóflóðum til fjalla hér og þar um landið.



Mynd 6: Fjölmörg þunn snjóflóð féllu í Seldal inn af Norðfirði í ýmsum viðhorfum þegar sól tók að skína á nýsnævið þann 22. febrúar.

2.7 Mars

Mars var hlýr, snjóléttur og hægviðrasamur um allt land. Úrkomulítið var norðaustanlands en úrkomusamara á vestanverðu landinu. Hvassviðri í upphafi og lok mánaðar ollu vandræðum.


SV-lægar áttir voru á Norðurlandi og umhleyplingar í byggð í byrjun mars. Víða í vestanverðum Eyjafirði féllu þunn flekahlaup sem runnu þó fremur stutt. Einnig féllu nokkur snjóflóð á Vestfjörðum um svipað leyti og tvö flóð í Bláfjöllum. Um 10. mars féllu nokkur snjóflóð á Tröllaskaga og Vestfjörðum. Tíðindalítið var fram undir lok mánaðar þegar nokkur

flóð féllu víða um land, flest á utanverðum Tröllaskaga og á norðanverðum Vestfjörðum. Þunnt en breitt snjóflóð féll á skíðasvæðinu í Bláfjöllum þann 30. mars. Þann 31. mars gekk lægð yfir landið og féllu þá fjölmörg snjóflóð, sérstaklega á Tröllaskaga. Eitt snjóflóð féll af mannavöldum í mánuðinum þegar skíðamaður setti af stað snjóflóð í Auðnahyrnu í Ólafsfirði þann 11. mars.

2.8 Apríl

Apríl var óvenjulega hlýr á landinu öllu, sérstaklega fyrstu tíu daga mánaðarins. Á landsvísu var þetta 5. hlýjasti aprílmánuður frá upphafi mælinga. Tíð var góð, það var hægviðrasamt og tiltölulega þurrt um stóran hluta landsins.

Mikill skafrenningur var fram af fjöllum á Norðurlandi í hvassri SV-átt í byrjun apríl og nokkrar bylgjur af úrkomubökkum gengu yfir. Veikleiki var greinilega í snjóþekjunni og féllu fjölmörg snjóflóð á Norðurlandi fyrstu dagana í apríl. Nokkur flóð féllu einnig í öðrum landshlutum. Um miðjan mánuðinn og undir lok mánaðarins féllu allnokkur vot snjóflóð á Austfjörðum, þó flest lítil, ásamt stöku votu flóði á Tröllaskaga. Fjögur snjóflóð féllu af mannavöldum í mánuðinum, öll féllu þau á Norðurlandi af völdum skíðafólks. Fyrsta flóðið var sett af stað í Kaldakinn þann 1. apríl. Skíðamaður barst með flóðinu sem var allstórt og slasaðist hann töluvert á baki. Skíðafólk setti af stað flóð í Múlakollu þann 4. apríl, í Skíðadal þann 21. apríl og í Siglufirði þann 27. apríl. Þau flóð voru minni og öllu ekki slysum eða meiðslum á fólki.




*Mynd 7: Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Siglufirði í lok apríl en slapp ómeiddur.
Ljósmynd: InfoEx*

2.9 Maí

Óvenjuleg hlýindi voru á landinu öllu í maí. Á landsvísu var þetta hlýjasti maímánuður frá upphafi mælinga. Mesta hitabylgja sem vitað er um hér á landi í maímánuði stóð yfir dagana 13. til 22. maí og sett voru ný meðal- og hámarkshitamet fyrir maímánuð á flestum veðurstöðvum landsins. Tíð var einmuna góð í mánuðinum, það var sólríkt og hægviðrasamt en töluverðir vatnavextir voru í ám á Norðurlandi í byrjun mánaðar vegna leysinga í hlýindunum.

Maímánuður var tíðindalítill m.t.t. snjóflóða, og nokkuð snjólétt var víða til fjalla en flekar voru til staðar á Norður- og Austurlandi framan af. Aðeins var tilkynnt um nokkur snjóflóð á Tröllaskaga og eitt snjóflóð á Seyðisfirði í mánuðinum.



Mynd 8: Spákort frá 15. maí kl 16 sem sýnir óvenju háar hitatölur miðað við árstíma.

2.10 Júní

Kalt var um allt land í mánuðinum og víða var meðalhiti júnímánaðar lægri en í maí, sem var óvenjulega hlýr. Það var mjög úrkomusamt á Norður- og Norðausturlandi, aftur á móti var tiltölulega þurrt á vestanverðu landinu. Norðanhret gekk yfir landið 3. og 4. júní og ollu þá vindur og sér í lagi úrkoma töluverðum vandræðum.

Pann 4. júní kólnaði töluvert á láglendi og tók að snjóa til fjalla en rigna á láglendi. Mikil úrkoma var á Tröllaskaga og var mikið vatn á ferðinni á Ólafsfirði. Tilmæli voru send til íbúa í efstu götu bæjarins um að dvelja ekki í herbergjum með gluggum upp í hlíðina. Fjölmörg

vot snjóflóð féllu á Norðurlandi 4. og 5. júní en einnig varð vart við aurspýjur og grjóthrun. Berghrun varð við útsýnispalla við Dettifoss þann 5. júní. Dagana 9. og 10. júní var einnig tilkynnt um fjölmörg vot snjóflóð á austanverðum Tröllaskaga þegar hlýnaði í veðri í kjölfar snjókomu til fjalla.



Mynd 9: Vott lausaflóð sem rann af stað á yfirborði jarðar.

2.11 Júlí og ágúst

Júlí- og ágústmánuðir voru óvenjulega hlýir, sérstaklega á Norðaustur og Austurlandi. Á landsvísu var þetta hlýjasti júlímánuður frá upphafi mælinga, ásamt júlí 1933 sem var jafnhlýr. Hæsti hiti sem mælst hefur á landinu í ágúst mældist á Egilsstaðaflugvelli þann 16. ágúst, 29,8 stig. Júlí var hægviðrasamur og lítið um hvassviðri en talsvert hvassviðri var á sunnan- og vestanverðu landinu um verslunarmannahelgina.

Engin snjóflóð voru tilkynnt í júlí eða ágúst en tilkynnt var um nokkur grjóthrun og nokkrar litlar skriður.

3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Á tímabilinu 1. september 2024 til 31. ágúst 2025 eru 535 ofanflóðaskráningar í ofanflóðagagnagrunni Veðurstofu Íslands. Þar af eru 389 snjóflóðaskráningar, 26 krapaflóðaskráningar og 113 skriðu- eða grjóthrunsskráningar. Aðrir atburðir voru 7 talsins. Í sumum tilfellum geta verið nokkur flóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri flóð ef nægar upplýsingar eru til. Ef ástæða þykir til eru flóð GPS-mæld en útlínur geta einnig verið unnar út frá ljósmyndum eða minni þess sem sá flóðið. Yfirlitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð (sjá viðauka II fyrir útskýringar) nema það teljist sérstakt á einhvern hátt. Tafla 1 sýnir heildarfjölda ofanflóðaskráninga þennan vetur og eru þau flokkuð eftir tegundum.

Tafla 1: Fjöldi ofanflóðaskráninga eftir tegund frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

Tegund	Fjöldi
Purrt flekahlaup	201
Vott flekahlaup	101
Flekahlaup	1
Purrt lausasnjóflóð	17
Vott lausasnjóflóð	50
Lausasnjóflóð	3
Snjóflóð óskilgreint	13
Krapaflóð	24
Skriðflóð	3
Skriða	12
Aurskriða	47
Grjóthrun	50
Jarðvegsskriða	4
Krapaflóð og skriður	2
Ískögglahrun	1
Sprungumyndanir í jarðvegi	2
Vatnsflóð	4

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Veturinn 2024–2025 voru skráðar 10 snjóflóðahrinur. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirlitt í sama landshlutanum.

Svarfaðardalur 9.–11.9.2024

Þann 8. september snerist vindur á Norðurlandi í norðlæga átt og kólnaði þá snögglega. Hiti fór niður fyrir frostmark í fjallahæð. Þann 9. tók að snjóa en rigna á láglendi, það snjóaði niður í um 200 m hæð. Vindur jókst smám saman og náði hámarki um miðnætti þann 10. september. Þann 10. dró jafnt og þétt úr vindi en ekki dró úr úrkomu fyrr en um kvöldið. Rúmlega 100 mm mældust á Siglufirði og Ólafsfirði dagana 9. og 10. september. Um 40 mm mældust á Sökkum í Svarfaðardal í heildina.

Nokkur snjóflóð féllu í Svarfaðardal, Skíðadal og Héðinsfirði. Flest flóðanna voru lítil flekaflóð en einnig skriðflóð, þar sem rennslisflöturinn er jörðin sjálf.

Austfirðir 30.11–2.12.2024

Lægð var sunnan við land sem beindi A/NA átt á Austfirði með ofankomu. Hvassviðri eða stormur var til fjalla. Rúmlega 40 mm mældust í Neskaupstað og um 30 mm á Fáskrúðsfirði, en minna annars staðar. Kalt var í veðri, hiti var undir frostmarki á láglendi og á bilinu -18°C til -8°C á Gagnheiði.

Allnokkur snjóflóð féllu á Austfjörðum í þessu veðri, þar á meðal nokkur á vegi. Flest flóðanna voru af stærðinni 1,5 til 2,5.

Vestfirðir 23.–28.12.2024

Allhvöss SV-átt á Vestfjörðum með ofankomu. Rúmlega 50 mm mældust á Súðavík. Hitastig var um frostmark á láglendi en frost til fjalla.

Fjölmörg snjóflóð féllu víða á Vestfjörðum í þessu veðri, bæði sunnan- og norðanverðum. Flóðin voru bæð þurr og vot, flest voru lítil en stærstu flóðin um 2,5 að stærð.

Sunnanverðir Vestfirðir og Vesturland 14.–16.1.2025

Laugardaginn 11. janúar tók að hlýna á öllu vestanverðu landinu eftir langan frostkafla með lítilli úrkomu. Þriðjudaginn 14. janúar kom lægð upp að landinu með suðlægum áttum og talsverðri úrkomu. Hiti á láglendi náði mest um 9°C en hiti á Þverfjalli fór mest í 3°C . Úrkoma á sunnaverðum Vestfjörðum mældist um 40 mm og í Ólafsvík mældust um 50 mm. Úr varð asahláka á láglendi á öllu vestanverðu landinu.

Krapaflóð féllu víða á vestanverðu landinu ásamt nokkrum skriðum og grjóthruni. Ofanflóðin voru að mestu bundin við norðanverðan Breiðarfjörð. Ár ruddu víða fram krapa og víða flæddu ár og lækir yfir bakka sína.

Austfirðir 18.–21.1.2025

Laugardaginn 18. janúar komu skil að landinu úr suðri og stoppuðu yfir austanverðu landinu með talsverðri snjókomu á Austfjörðum. Hlýtt og rakt loft kom úr suðri en kalt loft og norðaustanátt var norðan við skilin. Skilin héngu yfir Austfjörðum og mikil rakapétting átti sér stað. Mjög mikilli ákefð var spáð og uppsöfnuð úrkoma átti að verða yfir 250 mm til fjalla frá 19. janúar til aðfaranætur þess 21. og vel yfir 300 mm ef úrkoman þann 18. janúar var tekin með. Upp úr hádegis þann 21. janúar gekk veðrið niður, kólnaði og stytta upp. Hiti var um eða rétt yfir frostmarki á láglendi í gegnum allt veðrið og úrkoma ýmist

blaut snjókoma, slydda eða rigning á láglendi en snjókoma til fjalla og nokkra stiga frost í fjallahæð. Í Neskaupstað mældist um 140 mm úrkoma þessa daga.

Allmörg snjóflóð féllu víða á Austfjörðum en þau stærstu féllu við Neskaupstað, m.a. nokkuð stórt flóð í Miðstrandargili. Einnig féllu flóð í Innra-Tröllagili, Drangaskarði, Skágili, Nesgili og Bakkagili. Einnig féllu stór flóð í Mjóafirði og á Seyðisfirði. Eitt stórt flóð var skráð í Harðskafa í Eskifirði. Flest flóðanna voru vot flekaflóð.

Vestfirðir 31.1.–3.2.2025

SA-lægar áttir með hlýindum og úrkomu. Hitastig á láglendi var allt að 10°C en um 5°C til fjalla. Rúmlega 30 mm mældust á sunnanverðum Vestfjörðum.

Snjóflóð og krapaflóð féllu víða á Vestfjörðum í þessu veðri, bæði norðan- og sunnanverðum. Flóðin voru flest af stærðinni 1,5 til 2,5.

Austfirðir 1.–2.2.2025

S/SA-átt var á Austfjörðum með talsverðri úrkomu. Um 40 mm mældust á Fáskrúðsfirði á 12 klst. Hiti á láglendi fór upp í 13°C á Seyðisfirði, en í um 10°C á sunnanverðum fjörðunum. Hitastig á Gagnheiði (930 m y.s.) fór upp í 5°C.

Krapaflóð og vot snjóflóð féllu víða á sunnanverðum Austfjörðum ásamt aurskriðum. Mörg krapaflóðanna féllu á vegi, sérstaklega í Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði.

Vestanverður Eyjafjörður 1.–5.3.2025

SV-lægar áttir voru á Norðurlandi og umhleypingar í byggð. Úrkoma á Siglufirði mældist tæplega 30 mm en talsvert minna á Ólafsfirði eða um 15 mm. Hiti í fjallahæð var yfirleitt undir frostmarki en fór af og til upp fyrir frostmark og fór þá hæst í 6°C. Hiti á láglendi var breytilegur og fór hæst í um 7°C en líka undir frostmark.

Víða féllu þunn flekahlaup sem runnu fremur stutt. Flóðin voru flest af stærðinni 2. Sum þeirra voru með þykkari tungu en önnur.

Austanverður Tröllaskagi 1.–2.4.2025

Mikill skafrenningur var fram af fjöllum í hvassri SV-átt í byrjun apríl. Nokkrar bylgjur af úrkomuskotum gengu yfir. Úrkoma á Siglufirði mældist tæplega 20 mm og tæplega 15 mm á Ólafsfirði. Minni úrkoma var þó á annesjum en inn til landsins. Hitastig var yfir frostmarki á láglendi og um og yfir frostmarki í fjallahæð.

Allnokkur flekaflóð féllu á austanverðum Tröllaskaga í þessu veðri, flest af stærðinni 1,5 til 2,5.

Norðurland 4.–6.6.2025

Í byrjun júní var lægð austan við landið sem beindi norðaustlægum áttum yfir norðanvert landið með talsverðri eða mikilli úrkomu. Þann 4. júní kólnaði töluvert á láglendi og tók að snjóa til fjalla en rigna á láglendi. Rúmlega 100 mm mældust á Siglufirði yfir tvo sólarhringa. Einnig mældist talsverð úrkoma á Ólafsfirði, þar var mikið vatn á ferðinni og voru send tilmæli til íbúa í efstu götu bæjarins um að dvelja ekki í herbergjum með gluggum

upp í hlíðina vegna hættu á litlum aurflóðum. Hiti í fjallahæð var um frostmark en skreið upp fyrir frostmark yfir daginn bæði 5. og 6. júní.

Fjölmörg vot snjóflóð féllu á Norðurlandi en einnig varð vart við aurspýjur og grjóthrun. Flest flóðanna voru 1–2 að stærð.

3.3 Óvissustig og rýmingar vetrarins

Óvissustigi var lýst yfir 5 sinnum veturinn 2024–2025 og 6 sinnum var gripið til rýminga. Prisvar sinnum var lýst yfir óvissustigi á Austfjörðum, þar af einu sinni á sunnanverðum Austfjörðum. Einu sinni var lýst yfir óvissustigi á sunnaverðum Vestfjörðum og einu sinni á Vesturlandi. Gripið var til rýminga í Neskaupstað og Seyðisfirði í óveðri í janúar. Einnig var rýmt á Patreksfirði í blálok janúarmánaðar vegna krapaflóðahættu.

Tafla 2: Óvissustig veturinn 2024–2025.

Svæði	Ástæða	Sett	Aflýst
Austfirðir	Snjóflóðahætta	2025-01-19 12:00:00	2025-01-21 16:00:00
Sunnanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2025-01-31 16:00:00	2025-02-01 17:20:00
Sunnanverðir Austfirðir	Ofanflóðahætta	2025-01-31 20:00:00	2025-02-03 18:00:00
Vesturland	Ofanflóðahætta	2025-01-31 20:30:00	2025-02-01 17:30:00
Austfirðir	Ofanflóðahætta	2025-01-31 22:10:00	2025-02-03 18:00:00

Tafla 3: Rýmingar veturinn 2024–2025.

Staður	Hvar	Sett	Aflýst
Neskaupstaður	NE01, NE02, NE18, Prastarlundur	2025-01-19 18:00:00	2025-01-21 12:00:00
Seyðisfjörður	SE01, SE02, SE24, SE26	2025-01-19 18:00:00	2025-01-21 14:00:00
Seyðisfjörður	SE03, SE04, SE05	2025-01-19 20:00:00	2025-01-21 14:00:00
Seyðisfjörður	Gilsbakki 1, Hamrabakki 8, 10 og 12	2025-01-20 14:00:00	2025-01-21 14:00:00
Patreksfjörður	Brunnar 1 og 2, Aðalstræti 77A, 76, 78 og Hlíðarvegur 2	2025-01-31 23:30:00	2025-02-01 11:00:00

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða og flóðið er það stórt að það lokar veginum fyrir umferð. Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir sjö vegi á landinu en það eru veginir um Kirkjubóls- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Flateyjarvegur, Siglufjarðarvegur, Ólafsfjarðarvegur, vegurinn um Ljósavatnsskarð, vegurinn um Fagradal undir Grænaelli og Raknadalshlíð í Patreksfirði.

Talsverð umferð er um þessa sjö vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort grípa þurfi til ráðstafana.

Alls voru gerðar 62 skráningar fyrir snjóflóð sem lokuðu vegi frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025 og í töflu 4 má sjá lista yfir þessi snjóflóð í tímaröð. Sumar skráninganna innihalda nokkur flóð, einkum þegar flóð renna saman og erfitt er að greina á milli tunga. Nánari upplýsingar um flóðin eru einnig í viðauka III.


Tafla 4: Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1.september 2024 til 31.ágúst 2025. F = flekaflóð, Fv = vott flekaflóð, L = lausasnjófl, K = krapaflóð, S = óskilgreind tegund snjóflóðs.

Flóð	Dags.	Tegund	Staðsetning	Breidd	Þykkt
59358	30.11.2024	F	Vattarnesskriður	-	-
59361	1.12.2024	F	Grænafell í Fagradal, Reyðarfjörður	-	-
59382	9.12.2024	K	Strjúsgil í Fnjóskadal	70	0,5
59391	23.12.2024	S	Raknadalshlíð, Patreksfjörður	-	-
59400	23.12.2024	F	Patreksfjörður suðaustanverður	8	0,7
59402	23.12.2024	F	Hvestunúpur, Arnarfjörður	-	-
59968	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 8	5	1
59969	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 17	5	0,5
59970	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 18	5	0,5
59409	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 20	50	4
59410	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	20	2
59411	26.12.2024	F	Bjarnadalur vestanverður, Önundarfjörður	60	1
59412	26.12.2024	F	Súgandafjörður sunnanverður	-	-
59414	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 1	15	2
59415	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, Fjárgil	50	1
59416	26.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, Djúpagil	30	0,5
59413	26.12.2024	S	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	2	0,5
59420	26/27.12.2024	L	Súðavíkurhlíð, farvegur 16	-	3
59431	28.12.2024	L	Þorfinnur, Önundarfjörður	-	-
59421	26/27.12.2024	F	Eyrarhlíð, Skutulsfjörður	-	0,4
59428	28.12.2024	F	Spillir, Súgandafjörður	-	-
59427	28.12.2024	F	Spillir, Súgandafjörður	-	-
59424	28.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 18	-	-
59425	28.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 20	-	-
59426	29.12.2024	F	Súðavíkurhlíð, Djúpagil	50	2
59430	29/30.12.2024	F	Kleifaheiði, Ósafjörður	-	1
59434	30.12.2024	F	Patreksfjörður suðaustanverður	-	-
59436	30.12.2024	L	Þorfinnur, Önundarfjörður	-	-
59438	5.1.2025	F	Grafningsvegur við Þingvallavatn	-	-
59457	14.1.2025	K	Vestan við Auðshaug í Kjálkafirði, Barðaströnd	-	-
59454	14.1.2025	K	Miðhúsahyrna, Reykhólasveit	50	-
59469	15.1.2025	K	Sauðgil á Þröskuldum	8	-
59459	15.1.2025	K	Litlanes í Kjálkafirði, Múlasveit	40	0,2
59460	15.1.2025	K	Staðardalur við Steingrímsfjörð	-	-
59471	18.1.2025	F	Kambanesskriður	-	1,5
59497	18/19.1.2025	Fv	Innan við Hesteyri, Mjóifjörður	80	4
59477	19.1.2025	F	Færivallaskriður	-	-

59480	20.1.2025	Fv	Hvalnesskriður	50	1
59499	20.1.2025	Fv	Næsta gil utan við Neptún, Seyðisfjörður	37	-
59501	20.1.2025	Fv	Miðtangi í Strandartindi, Seyðisfjörður	20	3
59951	26.1.2025	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 1	5	0,5
59524	26.1.2025	L	Spillir, Ségandafjörður	6	3
59525	26.1.2025	L	Spillir, Ségandafjörður	8	3
59549	27.1.2025	F	Dynjandisvegur, Arnarfjörður	5	0,5
59530	27.1.2025	F	Raknadalshlíð, Patreksfjörður	15	1,5
59534	27.1.2025	F	Kleifaheiði, Ósafjörður	-	-
59546	27.1.2025	F	Kleifaheiði, Ósafjörður	-	-
59540	27.1.2025	F	Kleifaheiði, Ósafjörður	-	-
59538	27.1.2025	F	Rétt utan við gangamunna, Ségandafjörður	35	0,5
59565	30.1.2025	S	Ketildalir, utan við Bíldudal	-	-
59952	31.1.2025	F	Súðavíkurhlíð, farvegur 16	20	1
59953	31.1.2025	F	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	2	0,3
59571	31.1.2025	Fv	Enni, Ólafsvík	100	3
59577	1.2.2025	K	Kofaborgargil í Búlandstindi, Berufjörður	80	-
59576	1.2.2025	K	Sauðadalur, innanverður Stöðvarfjörður	50	1,5
59585	1.2.2025	K	Vallá, Stöðvarfjörður	-	-
59615	1.2.2025	K	Patreksfjörður suðaustanverður	-	-
59578	1.2.2025	K	Fáskrúðsfjörður sunnanverður	-	0,3
59579	1.2.2025	K	Fáskrúðsfjörður sunnanverður	-	-
59580	1.2.2025	K	Fáskrúðsfjörður sunnanverður	-	-
59824	10.2.2025	Fv	Þorfinnur, Öndarfjörður	-	-
59679	4.3.2025	Fv	Kleifaheiði, Ósafjörður	20	1

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Veturinn 2024–2025 voru skráð 11 snjóflóð af mannavöldum. Flest flóðanna, eða 7 talsins, voru af völdum skíðamanna. Enginn banaslys voru þennan veturinn en einn skíðamaður slasaðist. Flest flóðanna voru frekar lítil, en einn skíðahópur setti af stað flóð af stærðinni 3.



Mynd 10: Skífurit sem sýnir orsök snjóflóða af mannavöldum.

Tafla 5: Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2024–2025 og helstu kennistærðir flóðanna.

59353	25.11.2024	Stærð: 1,5	Orsök: Göngumaður	Upptök: 500	Viðhorf: S
Rjúpnaskytta setti af stað snjóflóð í Grjótárdal með fjarbroti.					
59370	7.12.2024	Stærð: 1	Orsök: Göngumaður	Upptök:	Viðhorf:
Göngufólk setti af stað lítinn fleka með fjarbroti í Skarðsheiði.					
59390	22.12.2024	Stærð: 1	Orsök: Skíðamaður	Upptök: 800	Viðhorf: A
Skíðamaður setti af stað lítið flekaflóð með fjarbroti, í Þverfelli við Sandskarð í Svarfaðardal.					
59443	8.1.2024	Stærð: 1	Orsök: Göngumaður	Upptök: 400	Viðhorf: V
Göngumaður setti af stað snjóflóð í Kistufelli, í um 400 m hæð. Flóðið var mjög lítið og hafði engar afleiðingar.					
59447	9.1.2024	Stærð: 1,5	Orsök: Vélsleði	Upptök: 160	Viðhorf: S
Vélsleði kom af stað flóði efst í Stekkjarlout í mynni Ufsadals.					
59535	27.1.2025	Stærð: 1	Orsök: Skíðamaður	Upptök: 900	Viðhorf: A
Skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í Hlíðarfjalli.					
59698	11.3.2025	Stærð: 2	Orsök: Skíðamaður	Upptök: 600	Viðhorf: N
Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Auðnahyrnu, Skeggjabrekkudalsmegin. Þriðji skíðamaður kom flóðinu af stað. Engin slasaðist.					
59760	1.4.2025	Stærð: 3	Orsök: Skíðamaður	Upptök:	Viðhorf:
Skíðamaður renndi sér niður Skálavíkurhnjúk í Útkinn og setur af stað flekahlaup sem nær manninum svo hann slasaðist á hrygg.					
59785	4.4.2025	Stærð: 1,5	Orsök: Skíðamaður	Upptök:	Viðhorf: V
Skíðamenn settu af stað lítið snjóflóð í Múlakollu.					
59814	21.4.2025	Stærð: 1	Orsök: Skíðamaður	Upptök: 950	Viðhorf: SV
Lítið snjóflóð féll í Skíðadal af völdum skíðamanns.					
59822	27.4.2025	Stærð: 2	Orsök: Skíðamaður	Upptök: 800 m	Viðhorf: S
Skíðamaður setti af stað vott flekaflóð í Siglufirði, í 800 m hæð og S/SA viðhorfi.					


3.6 Snjódýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Snjódýptin er lesin með reglulegu millibili af stikum sem eru staðsettar í hlíðum ofan bæjanna. Stikunum hefur farið fækkandi síðustu ár þar sem uppbygging varnarvirkja er lokið eða langt komin. Sjálfvirkir snjódýptarmælir og flygildi sem mæla snjódýpt með mikilli nákvæmni hafa einnig leyst þessar eldri stikur af hólmi.

Að neðan eru snjódýptarlínurit úr sjálfvirkum snjódýptarmælum á norðanverðum Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austfjörðum sem gefa mynd af snjósöfnun vetrarins. Í viðauka I eru einnig línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.

Vestfirðir


Mynd 11 sýnir snjósöfnun á nokkrum sjálfvirkum snjódýptarmælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2024–2025. Snjósöfnun byrjaði um miðjan október en í lok mánaðarins sjatnaði aftur. Snjór tók aftur að safnast víða í nóvember. Snjódýptin jókst smám saman og náði víða hámarki í byrjun mars. Snjósöfnun var mismikil eftir stöðum. Mest safnaðist í Seljalandsdal framan af vetri en í byrjun mars varð snjódýpt í Bolungarvík meiri og hélst svo svipuð og í Seljalandsdal það sem eftir lifði vetrar. Um vorið sjatnaði smám saman, þó með nokkrum úrkomuskotum, og snjólaust var orðið í byrjun maí.



Mynd 11. Snjódýpt á sjálfvirkum snjódýptarmælum á norðanverðum Vestfjörðum 2024–2025.

Norðurland


Tveir sjálfvirkir snjódýptarmælar eru staðsettir á Norðurlandi; á Siglufirði og Ólafsfirði. Eins og Mynd 12 sýnir var sáralítil snjósöfnun á svæðinu, sérstaklega á Ólafsfirði þar sem varla mældist neinn snjór fyrr en í norðanhreti í byrjun júní. Á Siglufirði mældist örlítið meira, snjórinn kom og fór framan af en frá desember og fram á vor var einhver snjór til fjalla. Hann fór þó sjaldan mikið yfir 50 cm sem telst mjög lítið. Í lok apríl leysti snjóa en rúmlega 50 cm snjódýpt mældist þar í norðanhretinu í byrjun júní. Undir miðjan júní var aftur orðið snjólaust.



Mynd 12. Snjódýpt á sjálfvirkum snjódýptarmælum á Norðurlandi 2024–2025.

Austfirðir

Á Austfjörðum eru sjálfvirkir snjódýptarmælar í Drangagili í Neskaupstað og Kálfabotnum Seyðisfirði og sýnir Mynd 13 mælingar úr þeim mælum veturinn 2024–2025. Snjósöfnun á svæðinu hófst eftir miðjan nóvember. Hún hélst nokkuð svipuð í desember en eftir miðjan janúar jókst hún talsvert á báðum stöðum og náði hámarki í lok mánaðarins. Í byrjun febrúar sjatnaði hratt en eftir það sjatnaði fremur hægt fram að aprílmánuði. Þá jókst bráðnun en þó kom ágætis úrkomuskot um miðjan mánuðinn. Í lok apríl sjatnaði hratt og snjólaust var orðið snemma í maí.



Mynd 13. Snjódýpt á sjálfvirkum snjódýptarmælum á Austfjörðum 2024–2025.


4 Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hins vegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hins vegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var einnig skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem eru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll þar sem landslag, hæð yfir sjávarmáli, viðhorf o.fl. getur haft áhrif á veðuraðstæður þar sem flóðið féll. Landslag og fjöll hafa mikil áhrif á veður og má gera ráð fyrir að úrkoma og vindur hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er hún teiknuð sem rauð lóðrétt lína á veðurgraf. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er óvissan í tímasetningu sýnt sem grænn rammi og rauða línar tákna líklegasta tímann.

4.1 Miðstrandargil, Neskaupstaður

Dagana 18.–21. janúar var óvissustig í gildi á Austfjörðum vegna snjóflóðahættu. Gripið var til rýminga í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Allnokkur snjóflóð féllu fyrir ofan byggðina í Neskaupstað en þau stöðvuðust nokkur hundruð metrum frá efstu húsum. Stærsta snjóflóðið sem féll í þessari hrinu féll líklega aðfaranótt 21. janúar í Miðstrandargili, rétt innan við byggðina í Neskaupstað. Flóðið var mest um 230 m breitt, en fleiri snjóflóð féllu úr næstu giljum og þöktu öll þessi flóð samanlagt um 400 m breitt svæði. Þessi snjóflóð voru vot flekaflóð og hrönnuðust upp víða í margra metra þykka ruðninga.



Mynd 14: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Miðstrandagili ásamt helstu kennistærðum flóðsins.




Mynd 15: Snjóflóðið í Miðstrandagili innan við Neskaupstað var vott og var margra metra þykkt í hæstu hrönnunum. Ljósmynd úr dróna Björgunarsveitarinnar Gerpis.



Mynd 16: Snjóflóðið í Miðstrandagili innan við Neskaupstað séð frá lofti. Ljósmynd úr dróna Björgunarsveitarinnar Gerpis.

Veðuraðdragandi

Laugardaginn 18. janúar byrjuðu átök tveggja loftmassa yfir landinu. Skilin milli þeirra stoppuðu yfir austanverðu landinu sem olli talsverðri snjókomu á Austfjörðum en sá snjór sem fyrir var í fjöllum hafði gengið í gegnum nokkra frost-þíðu kafla og var orðinn að nokkuð einsleitu og stöðugu hjarni. Mikil rakapétting var í skilum loftmassanna yfir Austfjörðum og var spáð mikilli uppsafnaðri úrkomu eða yfir 250 mm yfir tvo sólarhringa til fjalla. Úrkomuákefðin var einnig mjög mikil og var spáð ákefð uppá 10–15 mm/klst í margar klukkustundir frá sunnudagskvöldi til mánudagsmorguns í hvassri NA-átt. Það dró úr úrkomuákefð þegar leið á daginn þann 20. janúar en svo jókst hún á ný um kvöldið. Í Neskaupstað mældust rúmlega 140 mm af úrkomu dagana 18.–21. janúar.




Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Miðstrandarskarði. Uppsöfnuð úrkoma, lofthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.2 Ólafsvíkurenni, Snæfellsnes

Stórt snjóflóð féll í Ólafsvíkurenni að kvöldi 31. janúar. Flóðið féll yfir veginn sem liggur undir fjallinu og út á grjóttgarðinn við fjöruna. Flóðið var það um 3–4 m þykkt og u.þ.b. 100 m breitt á vegi. Vegurinn var opinn og var vegfarandi nýfarinn hjá þegar flóðið féll. Veginum var lokað í kjölfarið og síðar um kvöldið féll annað flóð í fjallinu. Lítil snjór var fyrir á svæðinu en fyrr um daginn hafði verið varað við ofanflóðahættu á Vesturlandi og fleiri landshlutum vegna snjókomu og síðan hlýnandi veðri með rigningu.



Mynd 18: Snjóflóðið í Ólafsvíkurenni þegar unnið var að mokstri í gegnum flóðatunguna. Ljósmynd: mbl.is/Alfons




Mynd 19: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Ólafsvíkurenni ásamt helstu kennistærðum flóðsins.



Mynd 20: Snjóflóðið í Ólafsvíkurenni þegar unnið var að mokstri. Hér sést hvernig flóðatunan nær upp á veg og yfir hann í átt að sjó.

Veðuraðdragandi


Þann 31. janúar kom lægð að vestanverðu landinu með hvassri suðaustanverðri átt og hlýnandi veðri. Snjókoma var til fjalla fyrst um sinn en rigning á láglandi. Talsverð úrkomaákefð var á svæðinu klukkutímana fyrir flóðið en um um 40 mm mældust í Ólafsvík á nokkrum klukkustundum, frá síðdegi 31. janúar fram til miðnættis. Gríðarlega hvasst var á svæðinu, í Ólafsvík voru um 30 m/s klukkutímana áður en flóðið féll, og um og yfir 40 m/s í hviðum. Hitastig hafði verið rétt yfir frostmarki á láglandi en það hlýnaði seinnipartinn og skreið hitinn þá yfir frostmark til fjalla.



Mynd 21. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Ólafsvíkurenni. Uppsöfnuð úrkoma, lofthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.3 Bláfjöll, Suðvesturhornið

Mjög breitt en efnislítið vott flekahlaup féll ofan Sólskinsbrekku á suðursvæði í Bláfjöllum að kvöldi 30. mars. Flóðið var um 310 m breitt og aðeins 0,4–1 m þykkt. Upptök flóðsins voru í um 680 m h.y.s. og stöðvaðist það í um 600 m hæð, við endastöð skíðalyftunnar Mikka Refs. Snjóflóðið náði ekki niður í skíðabrautirnar. Spáð hafði verið að litlar spýjur eða flekahlaup gætu fallið, en ekki var búist við að flóð yrðu svona breið. Annað álíka snjóflóð féll á sama stað 29. febrúar 2020, en það flóð var u.þ.b. 280 m breitt og féll það úr svipaðri upptakahæð. Snjóflóðið árið 2020 var af mannavöldum þegar að snjótroðari ýtti niður hengju.




Mynd 22: Kort sem sýnir útlínu snjóflóðsins í Bláfjöllum ofan við skíðalyftur, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.



Mynd 23: Snjóflóðið í Bláfjöllum féll ofan við skíðalyfturnar og var þunnt en breitt.

Veðuraðdragandi


Snjór hafði safnast fyrir í hríðarveðri dagana á undan, einkum þann 26. mars. Daginn sem flóðið féll var snjókoma í A- til SA-átt, en síðar hlýnaði og rigndi í SA- til SV-átt um kvöldið. Rúmlega 20 mm úrkoma mældist í Bláfjöllum síðdegis og að kvöldi 30. mars.



Mynd 24. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Bláfjöllum. Uppsöfnuð úrkoma, lofthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.4 Innri-Einarsstaðaá, Stöðvarfjörður

Krapaflóð hljóp í Innri-Einarsstaðaá á Stöðvarfirði þann 1. febrúar. Snjór var á öllu landinu í lok janúar og í asahláku 31. janúar féllu mörg krapaflóð á Austfjörðum þegar hlánaði skarpt og rigndi ofan í snjóinn. Krapahlaupið í Innri-Einarsstaðaá var eina flóðið sem féll í þéttbýli og náði það niður í sjó. Ekki varð tjón af en krapa slettist upp á bakka árinna. Nokkrum dögum seinna gerði úrhellis rigningu og rauf vatnsflóð bakka árinna talsvert.




Mynd 25: Kort sem sýnir útlínu krapaflóðsins í Innri-Einarstaðá í Stöðvarfirði, ásamt helstu kennistærðum flóðsins.



Mynd 26: Innri-Einarstaðá í Stöðvarfirði, dökkur krapí slettist upp á bakka árinna og markar útbreiðslu krapaflóðsins. Ljósmynd: Bjarni Stefán Vilhjálmsson

Veðuraðdragandi

Lægðagangur hafði verið síðustu vikuna í janúar og snjóað talsvert á austanverðu landinu. Föstudaginn 31. janúar reið yfir landið SA-stormur með hlýju lofti, talsverðri rigningu og hvössum vindi. Úr varð asahláka víða á landinu, hiti fór víða yfir 10°C á láglendi á Austfjörðum og þar hlánaði upp í hæstu tinda. Enginn úrkomumælir er á Stöðvarfirði en á Fáskrúðsfirði mældust rúmlega 50 mm aðfaranótt 1. febrúar og á Teigarhorni um 90 mm.



Mynd 27. Veðuraðdragandi krapaflóðsins á Stöðvarfirði. Uppsöfnuð úrkoma, loftthiti, vindhraði og vindátt á ýmsum veðurstöðvum í nágrenninu.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Tíðafarsyfirlit 2024 og 2025, Veðurstofa Íslands sótt af
<https://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit>

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <https://blog.vedur.is/snjoflod/>

Snjóflóðatilkynningar á samfélagsmiðlahópnum:
<https://www.facebook.com/groups/129168050599372>







Fréttavefur MBL:


https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/02/01/thad_staersta_sem_eg_hef_sed_i_minni_tid/?origin=helstu

Viðauki I. Snjódýptarmælingar




Línurit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2024–2025.

Snjódýpt á Austfjörðum





Snjódýpt á norðanverðum Vestfjörðum



Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða

Í gagnasafni Veðurstofu Íslands er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er upprunnin í Kanada. Flokkunin byggir fyrst og fremst á áhrifum flóðs, og það hefur verið lítillega staðfært. Í flokkuninni er einnig gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum.

Flokkur	Lýsing	Massi
1	Spýja, sem varla getur grafið mann (en það getur skapast hætta vegna falls)	10 tonn
2	Snjóflóð sem getur grafið mann	100 tonn
3	Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar	1000 tonn
4	Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús	10.000 tonn
5	Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús	100.000 tonn

Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2024–2025

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2024–2025. Í annálinum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi eða svæði.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2024/2025

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Esja	20/21.12.2024	59389	F / 1		Lítið flekaflóð féll í Esjunni. Það rann yfir gönguleið rétt áður en komið er að Steini.
Hengill	5.1.2025	59438	F / 2		Nokkur snjóflóð féllu á Grafningsveg við Þingvallavatn, úr Svínahlíð. Þar af eitt flóð sem lenti á bíl. Engan sakaði.
Hellisheiði og Ölfus	1–6.1.2025	59446	F / 1,5		Lítið flekaflóð féll í brattri, stuttri vesturvísandi hlíð í Þrengslunum.
